

Ed.

160. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Þegar frv. um færslu kjördags var fyrir þinginn í fyrra, samdi ég alltarlegt nefndarálit um það og sýndi fram á, hvílíknun rangindum fólk við sjávarsíðuna væri beitt með því að flytja kjördaginn yfir á mesta annatíma ársins.

Frv. stjórnarinnar er ætlað að bæta úr þessu að nokkrum, en þar sem það aðeins nær til kaupstaðanna, þá kemur það vart að hálfum notum.

Ég vil því leggja til, að frv. verði breytt í það horf, að kosning í kaupþúnum, sem eru sérstakur hreppur, fari einnig fram 1. vetrardag.

Þá tel ég og sjálfsagt, að talning atkvæða við almennar kosningar fari fram samtímis um land allt að loknum kosningum 1. vetrardag, — en við anka-kosningar gilda um þetta ákvæði kosningalaga —; tel ég engin vandkvæði á því að geyma atkvæði frá kjördegi í júlí fram í fyrstu viku vetrar. Getu yfirkjörstjórnir og frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra gengið þannig frá atkvæðakössum, að öruggt sé, eigi síður en nú er.

Ég legg því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGARTILLOGU:

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal 1. laugardagur í júlí vera kjördagur atstaðar, nema í kaupstöðum og kaupþúnum, sem eru sérstakur hreppur, en þar skal fyrsti vetrardagur vera kjördagur.

Talning atkvæða við almennar, reglulegar kosningar skal fara fram

mánndaginn fyrstan í vetri, nema sérstök atvik hamli, en þá svo fljótt, sem
nunt er.

Alþingi, 21. febr. 1930.

Jón Baldvinsson,
form., frsm. meiri hl.